

### 13. Frumvarp

til laga um nýjan veg frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit austur í Ölfus.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

#### 1. gr.

Nýjan veg skal leggja af Suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum sunnan við Lyklafell, um svo nefnd Þrengsli og Eldborgarhraun, niður í Ölfus vestanvert allt að Suðurlandsbrautinni nálægt Reykjum.

#### 2. gr.

Skal fyrst lokið austurkafla vegar þessa, þaðan er hann liggur frá núverandi vegi um Svinahraun, skammt fyrir neðan Kolviðarhól, allt austur að vegamótum í Ölfusi.

Vegarkafli þessi skal fyrst í stað gerður sem vetrarleið.

#### 3. gr.

Skal gæta þess sérstaklega um legu vegarins og gerð, að hann verjist sem bezt snjó.

#### 4. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og skal telja kostnað við vegagerðina í fjárlögum, svo sem annan kostnað við lagningu nýrra akvega. Viðhald vegarins skal greiða af fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til viðhalds þjóðvegum.

#### 5. gr.

Meðan sá kafli vegarins, er um getur í 2. gr., er aðeins vetrarleið, skal halda við þjóðveginum um Hellisheiði sem aðalflutningaleið, en sýni rannsókn, að hagkvæmara verði að leggja veginn sem beinasta leið yfir heiðina, en malbika þenna kafla, skal það gert.

#### 6. gr.

Þá er nýr vegur frá Lækjarbotnum að vegamótum Suðurlandsbrautar í Svinahrauni er fullgerður, leggst niður núverandi vegur á þessum kafla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir hið reglulega Alþingi veturinn 1931 og fyrir sumarþingið s. á., en var þá ekki afgreitt og er því nú lagt fyrir Alþingi að nýju án nokkurra verulegra breytinga. Annars visast til athugasemda þeirra, sem fylgdu frumvarpi því sem lagt var fyrir hið reglulega Alþingi 1931, sem að framan segir, sjá Alþingistiðindi 1931 A-deild, bls. 199---208.